



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

2. tbl. 2004, - 14. árg.

Mars 2004

Kirkjuhátið, messa og messukaffi

Séra Jón A. Baldvinsson vígslubiskup á Hólum og kona hans Margrét Sigtryggsdóttir eru að koma til Lúxembúrgar til að kveðja okkur, með þeim kemur kór Hólakirkju.

Laugardaginn 3. apríl næstkomandi stendur kirkjunefnd fyrir kvöldverði á Hótel Sheraton Aerogolf.

Hátiðin hefst með fordrykk kl 19:00 uppi á lofti í "The Cockpit" og síðan verður spánskt hlaðborð í "The Green." Verð á mann er € 45.-.

Séra Jón A. og Margrét eru heiðursgestir kvöldsins, ásamt kór Hólakirkju, sem mun syngja nokkur valin lög fyrir gesti.



Þeir sem hafa áhuga á að koma vinsamlegast skrái sig hjá Nadine einkaritara Eyjólfis í síma: 4211-3562, Maríu Huesmann í síma: 358556, Söllu í síma: 789341 eða Sigga í síma: 787710, sem allra fyrst því takmarkað pláss er í boði.

Séra Jón mun síðan messa í Mót mælendakirkjunni sunnudaginn 4. apríl kl 15:00.

Eftir messu verður kaffi í Am Sand í Niederanven.

Viljum vinsamlegast biðja alla að koma með bakkelsi á hlaðborðið.

Vonumst til að sjá sem flesta í hátiðarkvöldverðinum svo og líka í messunni.

Kirkjunefndin


Í þessu blaði:

Messa	1
Heilsufæði	1
Kosningar í Lúx	1
Kæru landar	2
Molar	2
Ýmsar auglýsingar frá FÍL	3
Páskaegg	3
Frá ritstýru	3
Betri árangur—Icelandic for foreigners	3
Spuni	3
Litlu dálkarnir	4

Langar þig að læra að elda heilsufæði?

Sólveig á Grænum Kosti er til í að koma til Lúxembúrgar og halda matreiðslunámskeið. Námskeiðið er byggt upp á fræðslu og sýnikennslu. Byrjað er á hráfnisfræðslu, hvernig á að höndla hinar ýmsu baunir, tofu og allskonar korn og heilsuþúðarhræfni. Síðan eru nokkrir réttir eldaðir, brauð bakað og sykurlaus kaka útbúin. Námskeiðið endar á að borða allt saman. Með námskeiðinu fylgir 40 síðna uppskriftarmappa. Námskeiðið kostar 65 evrur og stendur í 5 klst. Stefnt er að halda það laugardaginn 8 maí að næg þátttaka næst.

Áhugasamir endilega skrái sig sem fyrst á netfanginu fil@islandus.net eða hjá Matthildi í síma 787 077 41 eða Elísabetu í síma 26 747 440 eða 021 266 578.



Bæjarstjórnarkosningar í Lúxembúrg

Samkvæmt lagagerð frá 22. febrúar 2003 mega erlendir ríkisborgarar í Luxembourg kjósa í sveita- og bæjarstjórnarkosningum (Elections communales).

Skilyrði sem þarf að uppfylla:

1. Vera orðinn 18 ára þegar kosningar fara fram.
2. Vera skráður (hafa dvalarleyfi) í Luxembourg í að minnsta kosti 5 ár fyrir skráningu.
3. Verður að skrá sig á kosningalista hjá sveitarfélaginu þar sem þú býrð.

Hvernig á að skrá sig ?

Fara á sveita- eða bæjarstjórnarskrifstofuna með eftirfarandi skjöl:

1. Vegabréf.
2. Carte de séjour eða Carte d'identité (í gildi).
3. Certificat de résidence frá þeim sveitarfélögum sem þú hefur búið í til að sanna búsetu í Luxembourg í a.m.k. 5 ár þegar skrásetningin er gerð.

Það er hægt að skrá sig til 31 mars 2004.

Fleiri upplýsingar fást á www.clae.lu (líka á ensku), www.gouvernement.lu (allt á frönsku) og í síma 26 86 86 |

Á döfinni:

- 3. apríl kvöldverður á Hotel Sheraton Aerogolf
- 4. apríl messa og messukaffi
- 27. apríl aðalfundur FÍL
- 8. maí heilsufæðis- matreiðslunámskeið



Kæru landar

Takk fyrir síðast allir sem voru á Þorablótinu. Þetta var með skemmtilegri blótum að mínu mati. Enda hljómsveitin algjör stuðhljómsveit og ekki hægt að sitja kyrr á meðan þeir spiluðu. Meira að segja Gylfi dansaði heilmikið við mig, sem hann hefur verið frekar latur við undanfarin ár. Já og svo er það Spuni. Ég vona að flestir hafi skemmt sér vel við að horfa og hlusta á Spuna, þó aldrei sé hægt að gera öllum til hæfis. Mér finnst alveg kraftaverk hvað hægt er að gera á þremur vikum. Það kostar auðvitað ómældan tíma (blóð svita og tár). Það er bæði hlegið og grátið á æfingum, þó mikið meira hlegið. Þegar við byrjuðum að æfa, þremur vikum fyrir Þorablót var ekkert handrit til. Kannski nokkrir punktar, en búið var að ákveða að Stuðmannalögin yrðu ráðandi í þessari revíu. Mér fannst gaman að sjá hvernig þetta varð til smátt og smátt. Allir voru með sitt innlegg og allt í einu síðustu dagana var komið "leikrit" með söguþræði. Mottóði hjá okkur var að særa engan en þó reyna að hafa eins mikið spaug og hægt er. Það er auðvitað mjög misjafnt hvernig fólk tekur því að vera persóna í leikriti. Flestir taka því vel og hafa gaman af. Fólk sem er í sviðsljósinu verður oftast fyrir barðinu á Spuna en það verður bara að taka því eins og sjórnmálamaður og aðrir frægir á Íslandi verða að taka því að lenda í Áramótaskaupinu eða Spaugstofunni. Ég var einu sinni tekin fyrir, þar sem kom í ljós hvað ég er alltaf óákveðin og þarf alltaf að spyrja Sollu um allar ákvarðanir sem ég tek. Ég man að sú sem lék mig var hálf hrædd við mig á eftir. En ég skemmti mér konunglega og hló manna mest. Sérstaklega af því að þetta var rétt. (Ég jafnvel lærði á þessu og hef tekið nokkrar sjálfstæðar ákvarðanir síðan.) En nóg um það. Margar persónur sem verða til í svona leikriti eru bara uppspuni og jafnvel karakter úr mörgum

tekinn og búinn til einn. Samanber flugstjórinn í leikritinu og bankastjórinn. Það var heilmikið skáldað í kring um alla og enginn eða allir geta tekið það til sín. Maður verður alltaf að ýkja til að hafa það skemmtilegt. Ég má til með að taka það fram að bankastjóri Landsbankans tók okkur afskaplega vel og hló mikið. En Raket hafði á orði að kannski mundi hennar maður ekki hafa vinnu eftir Þorablót, allt í gríni þó og ekki má gleyma að meðlimum Spuna er allra sist hlíft, ef eitthvað er hægt að gera grín að þeim.

Mig langar að minnast á stryktarlínurnar sem meðlimir Spuna voru beðnir um að innheimta. Okkur finnst öllum jafn leiðinlegt að þurfa að sníkja pening jafnvel á sama tíma og við erum að æfa kvöld og morgna. Ég er meira að segja svo mikil rola að ég sagðist fara að gráta ef þær létu mig "sníkja", þannig að ég slapp. Þó veit ég hvað þetta er mikilvægt. Því heilmikill kostnaður er í kring um svona verkefni. Það þarf að borga leikstjóra kaup og ljósa búnaðurinn og hátalarakerfið er ótrúlega dýrt en bráðnauðsynlegt svo dæmi séu tekin. Þrátt fyrir góðan styrk frá ykkur kæru landar og fyrirtæki skilst mér að sjóður Spuna sé í mínus. Bara svo þið vitið að við erum ekki að "græða" á ykkur.

Að lokum. Stundum er ég að velta því fyrir mér hvort við erum að gera rétt með því að troða okkur á svið og þykjast vera skemmtileg. Kannski skemmtum við bara sjálfum okkur og fáum öðrum (og manni getur nú líka sviðið að vera á sviði heilt kvöld og fá svo kannski engin svið). Við ættum kannski frekar að æfa "alvöru" leikrit á ensku og selja inn, til að fá útrás fyrir leikgleðina en hlífa ykkur landar góðir. Hvað finnst ykkur?

Bestu kveðjur til ykkar allra.

Magga Rósa

Molar

Á síðasta ári voru 404.741 farartæki skráð í Luxembourg, þar af 293.526 bílar. Þetta er 10% aukning frá árinu áður. Á síðasta ári voru skráðir 43.771 nýir bílar í Luxembourg og er það aukning um 0,2 % frá árinu áður. Flestir þessara bíla voru keyptir í Luxembourg en 5.033 nýjir bílar voru fluttir inn. Meðalaldur bíla á götum Luxembourgar er 6 ár. Bilasölum í Evrópu hefur fækkað úr 103.162 í aðeins 80.994 milli árána 2000 og 2003.

Poppstjarnar Pink mun halda tónleika í Laugardalshöllinni í Reykjavík þann 10. ágúst n.k.. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaferð hennar um Evrópu í sumar. Pink mun spila á útítonleikum í Luxembourg þann 27. júní n.k.

Um 50% aukning hefur orðið á sjálfsmorðum ungs fólks, 15 – 19 ára, í Luxembourg, milli árána 1968 til 2002. 1968 voru sjálfsmorð ungs fólks um 5,4 unglingar á hverja 100.000 íbúa, enn árið 2002 var þessi tala komin í 8,2 á hverja 100.000 íbúa. Aukningin er mest meðal ungra manna eða um 63%.

Í byrjun árs 2003 kom 38,7% vinnuafli í Luxembourg frá nágrannalöndunum. 53% þeirra, eða 34.400, komu frá Frakklandi, 27,3% eða 33.100, komu frá Belgíu og 19,7% eða 23.900, komu frá Þýskalandi.

Söngleikurinn Hárið verður settur upp í Austurbæ í sumar. Söngleikurinn hefur tvisvar áður verið settur upp á Íslandi við miklar vinsældir. Árið 1971 var hann fyrst sýndur í Glaumbæ og þá sá hljómsveitin Náttúra um tónlistina. Árið 1994 var Hárið svo sýnt í Gamla bíói fyrir fullu húsi í marga mánuði.

169 bankar voru í Luxembourg í desember 2003. Hafði þeim fækkað um 8 frá árinu áður. Þann 30. desember sl. unnu 22.513 manns í Luxembourg bönkum. Bankastarfsmönnum hafði fækkað um 787 manns frá því í desember 2002.

Elsti karlmaðurinn í Luxembourg er frá Perl og varð 102 ára í desember sl. Elsta konan er hinsvegar frá Luxembourg og er 103 ára.

Íbúum í Evrópu fækkar stöðugt. Evrópubúar voru 814 millíónir árið 2003. Fyrir 50 árum voru Evrópubúar 22% af íbúafjölda heimsins, í dag erum við aðeins 12%. Áætlað er að eftir 50 ár verði þessi tala komin niður í aðeins 6,5 %. Milli árána 2002 og 2003 fjölgaði Evrópubúum um aðeins 0,08%. Á Ítalíu eru 18,2% þjóðarinnar öldungar, 17,5% í Þýskalandi og 17,3% í Grikklandi. Meðalaldur kvenna í Evrópu er hæstur í Saint Marin, 84,2 ár, en meðalaldur karla er hæstur á Íslandi, 78 ára.

Frá og með 26. október n.k. verða Íslendingar og Luxembourgar ásamt ýmsum öðrum þjóðum, sem ferðast til Bandaríkjanna, að vera með "Machine Readable Passports" (MRP), eða sækja um vísu áður en lagt er upp til Bandaríkjanna.

Menningarhelgin sem kölluð hefur verið "d' stater museen", verður nú haldin í sjöunda sinn helgina 27.-28. mars n.k.. Ýmis söfn og menningarstofnanir á vegum Luxembourg borgar standa fyrir sérstakri dagskrá þessa helgi. Þemað í ár er "Histoire, histoire." Frítt er inn á alla viðburði og sýningar þessa helgi.

Óperan La Traviata verður sýnd í Grand Theatre, stóra salnum, 31. mars, 2., 4., og 6. apríl n.k.. Hálf tíma fyrir hverja sýningu mun Fredeic Habets vera með 20 mínútna kynningu á Óperunni.

Dagskráin "Printemps Musical" hófst þann 10. mars sl. og stendur til 21. maí n.k. Þetta er í 22. sinn sem þessi hátíð er haldin. Fjölbreytileg dagskrá er í gangi allan þennann tíma. M.a. mun Dianne Reeves vera með tónleika í Grand Theatre þann 8. apríl kl. 20.00.

Euro-Ice 2004 golfmótið verður haldið helgina 23.- 26. september í Brunssum í Hollandi.



Símaskrá FÍL

Jæja þá er símaskrá félagsins loksins komin úr prentun. Búið er að kaupa nýjar möppur undir hana og fá allir meðlimir félagsins hana senda í pósti í næstu viku. Ef fólk vill fá aukskrá þá er hægt að kaupa hana með möppu á 5 evrur. Hægt að panta á fil@islandus.net og hjá stjórnmeðlimum, sjá símanúmer á bls.4.

Stjórnin

Barnaskrá FÍL

Félag Íslendinga í Lúxembúrg hefur fengið bækur frá Umferðaráði Íslands og bækur frá Cargolux sem okkur langar að senda börnum félaga FÍL, börnum á aldrinum 2-12 ára. Félagaskráin okkar er ekki nógu vel uppfærð þegar kemur að því hvað börnin okkar heita og hvenær þau eru fædd. Því viljum við biðja ykkur að senda okkur nafn barna ykkar og fæðingardag sem fyrst á bruin@islandus.net.

Stjórnin

Aðalfundur FÍL

Aðalfundur félagsins verður haldin á Euro Hotel í Gonderange þann 27. apríl, klukkan 20:30. Venjuleg aðalfundarstörf eru á dagskrá.

Stjórnin

Presturinn í London

Höfum fengið tilkynningu frá, Sr. Sigurði Arnarsyni, presti okkar í London. Hann er komin til starfa, frá og með 1. mars. Ef einhverjir þurfa að hafa samband við hann er þeim bent á að hringja í sendiráð Íslands í London, sími +44 207 259 3999 eða heim til Sr. Sigurðar í síma +44 208 840 6441. Heimilisfangið hjá sendiráðinu er 2a Hans Street, London, SW1X 0JE.

Frankfurt Hahn og London Stansted

Ritstýru hafa borist eftirfarandi upplýsingar:

Rútuferðir til Hahn flugvallar. Sales-Lentz verður með níu ferðir á dag frá Luxembourg til Frankfurt Hahn og til baka. Hægt er að taka rútuna á nokkrum stöðum í Lux: Járnbrautarstöðinni Bussteig 7, Howald P&R og á Autobahn landamærunum í Wasserbillig P&R.

Fyrsta ferð frá Lux á morgnana er kl: 03:30 og á tveggja tíma fresti til kl: 19:30 á kvöldin. Frá Hahn er fyrsta ferð kl: 09:15 til 00:15 á tveggja tíma fresti. Verð aðra leiðina er € 5-15, eftir því með hvað löngum fyrirvara bókað er. Hægt er að bóka hjá Sales-Lentz í síma 900 75 700 eða á www.easybycoach.com, þar er líka hægt að sjá áætlunina.

Gistiheimili sem er með góða og ódýra gistingu í London:

Það heitir J&T Guest House, Willesden Green NW London. Þetta er lítið og notalegt og sama verð allt árið.

Einstaklingsherbergi: £ 42-45

Tveggja m. herb.: £ 52-62

Þriggja m. herb.: £ 75

Fjölskyldu herb.: £ 85 (2 fullorðnir og 2 börn).

Vefsíðan er:

www.jandtguesthouses.com.

Svo er líka hægt að fara inn á www.londontown.no og fá upplýsingar um hvernig maður kemst á staðinn.

La Leche League Luxembourg

Vorsala La Leche League Luxembourg verður laugardaginn 27. mars frá 10:30 til 15:00 í Centre Culturel de Beggen. Til sölu eru notuð barnaföt, leikföng og vörur fyrir ungabörn, börn og verðandi mæður.

Ef einhver vill losna við hluti þá er hægt að gefa samtökunum þá eða selja hjá þeim og samtökin taka þóknun fyrir. Beverly Atkinson gefur upplýsingar í síma 710 861.

Fleiri upplýsingar um samtökin og þessa vorsölu er að finna á vef þeirra lalecheleague@internet.lu

Spuni

Leikklúbburinn Spuni vill þakka stórgóðar undirtektir á "sjóvinu" Hvílík Þjóð sem við sýndum á þorrabloti FÍL 14. febrúar s.l.. Við skemmtum okkur konunglega og vonum að sem flestir hafi gert hið sama. Við viljum einnig þakka öllum þeim sem á einhvern hátt komu að uppsetningu verksins, með vinnu eða fjárframlögum, kærlega fyrir. Án hjálpsra handa væri lítið hægt að framkvæma.



Kærar kveðjur frá stjórn og meðlimum Spuna

Frá ritstýru

Kæru lesendur, Enn og aftur vill ég þakka öllum þeim sem senda mér efni í bréfið, það er mjög vel þegið. Félagið er komið með nýja heimasíðu á www.islandus.net, endilega kíkið, þar getið þið líka kíkt á Íslandsfélagið í Belgíu og fleiri félög. Gleðilega páska.

Páskaegg

Basarnefnd verður með páskaegg til sölu í stærðum 1, 3, 4 og 5. Hægt að panta páskaegg hjá Hrefnu í síma 355 443 eða á netfanginu eyjolfth@pt.lu. Panta verður fyrir mánudaginn 29. mars. Egginn verður svo hægt að ná í hjá Hrefnu þriðjudaginn 6. apríl.

Basarnefndin

Betri árangur - Icelandic for foreigners

Distance learning course in Icelandic for foreigners. Course length 10 weeks. Students receive assignments on Mondays and return them completed on Thursdays. Each weekly lesson includes: Text, vocabulary, Grammar and writing exercises, corrections. Students also have the option of calling on Thursdays. For more information call Inga Karlsdóttir at +354 897 7995 or send an e-mail to Inga at ik@ismennt.is Betri árangur, Suðurlandsbraut 6, sími +354 897 7995



Félags Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
179 rue Cents
L-1319 LUXEMBOURG

Umsjón fréttablaðs:
Matthildur Kristjánsdóttir
bruin@islandus.net
Sími +352 787 077-41
Fax +352 787 077-31

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2003-2004

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður, 787 0771, 021 142 060, fil@islandus.net
Kolbrún Eir Óskarsdóttir, ritari, 2636 1204, 021 769 550, fil.ritari@islandus.net
Elín Egilson, gjaldkeri, 2636 0911, fil.gjaldkeri@islandus.net
Atli Guðmundsson, meðstjórnandi, 26 480 644, 021 630 692
Móa Sigurðardóttir, meðstjórnandi, 021 218 546
Jóhann Örn Arnarson, varamaður, 341 882, 021 266 747

Stjórn Kirkjunefndar 2003-2004

Eyjólfur Hauksson, formaður, 768 545
María Huesmann, 358 556
Sólveig Loftsson, 789 341
Agnar Sigurvinnsson, 435 183
Sigurður Kristinsson, 787 710

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir, formaður, 341 882, spuni@islandus.net
Stella Jóhannesdóttir, ritari, 357 064, stella26@pt.lu
Katrín Ásgrímsdóttir, gjaldkeri, 2678 0257, spuni.gjaldkeri@islandus.net

Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Hrefna Einarsdóttir, formaður, 355 443
Bergdís Kristinsdóttir, gjaldkeri

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir, kennari, 2674 7298, rakelh@binet.is

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Gjalddagi félagsgjalda var 1. apríl 2003.
Vinsamlegast greiðið sem allra fyrst.
Stjórnin



NETFANGINN BENDIR Á:

Frá og með deginum í dag er hægt að
lesa netfangann á www.islandus.net.

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Fæðingar

Ragnhildur Eyjólfsdóttir og
Hafþór Þórarinnsson eignuðust
dótturina Elsu Lilly þann 5.
febrúar. Hún var 3380 gr. og
49 cm.
Við óskum þeim til hamingju.

Lilja Vattness og Kristján
Harðarson eignuðust dótturina
Steinunni Ýr þann 7. febrúar.
Hún var 3720 gr. og 51 cm.
Við óskum þeim til hamingju.

Sigríður Torfadóttir og Björn
Ágúst Björnsson eignuðust
dótturina Andreu Borg þann
21. febrúar. Hún var 4650 gr.
og 56 cm.
Við óskum þeim til hamingju.

Brúðkaup

Agnes Jóhannsdóttir og
Magnús Stefánsson voru gefin
saman í Lágafellskirkju af sr.
Jóni Þorsteinssyni 4. febrúar
s.l.
Við óskum þeim til hamingju.

Vinna

Ég heiti Arna Ýr og er að leita
að vinnu í Luxembourg t.d.
sem barnapía eða eitthvað
annað. Vinsamlegast hringið í
síma 79341 eða 091-789341.

2 góðar í Remich

Á 39 rue de Macher í Remich
er ver slunin Garpras. Afar
hugguleg kvenfata ver slun með
vönduð og falleg föt, verðlag í
hærri kantinum. Opin mán. 14-
18, þri.-lau. 9:15-12 og 14-18.
Beint á móti er svo dúndur
garnver slun með fjölbreytt
úrval af garni og prjónavöru.
Ver slun sem mikil prjónakona
mæli með.

Íslenskar barnabækur

Óska eftir notuðum íslenskum
barnabókum og vídeópólum
fyrir börn.
Ólli sími 091 390 571

Til sölu

Nánast ónotað barnarúm til
sölu € 40,- upplýsingar hjá
Guðbjörgu í síma 365 163

Símaskrá

Nýjir meðlimir
Daði Einarsson
39 rue Jules Wilhelm
L-2728 LUXEMBOURG
Gsm: 021 316 508
Netfang: dadi@dadi.info

Breytingar

Birna Björnsdóttir
54 rue Principale
L-5367 SCHUTTRANGE
Sími: 26 701 540

Kristján Harðarson
Lilja Vattnes
22 rue du Cimetiere
L-3350 LEUDELANGE

David Bond
Guðlaug Dís Þórðardóttir
24 rue Aloyse Hoffmann
L-6913 Roodt/Syre
Sími: 26 787 486

Björn Sverrisson
Salvör Sverrisson
Netfang: salvor@lu.coditel.net

Bryndís Pálmarsdóttir
Netfang: bryndis@pt.lu

Hermann Bragi Reynisson
Netfang: hermannb@reynisson.com

Ingi Jóhannesson
Netfang: nhj@pt.lu

Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir
Netfang: rakelh@hvippinn.is

Örlygur Sigurgeirsson
Netfang: Xenia_ilina@hotmail.com